



TOLLSTJÓRI

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2831
komudagur 11.6.2010

Málsnr: 201006-0153
Dags: 11. júní 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dags. 10. júní 2010 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Um áætlanir skattyfirvalda

Tollstjóri telur rétt að taka það fram í ákvæðum frumvarpsins eða í athugasemdum um frumvarpið að skattskuldir skuli byggja á álagningu samkvæmt framtölum og skilagreinum, en ekki samkvæmt áætlun skattyfirvalda. Ef ekki eru gerð skil á skattframtölum áætla skattayfirvöld skatta skuldara lögum samkvæmt. Í slíku tilviki er ekki hægt að gefa nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara þar sem óvíst er um skuldastöðu hans og auk þess sem skuldari hefur hagað fjármálum sínum á ámælisverðan hátt með því að sinna ekki lagaboði um framtalsskil. Óleiðréttar skattáætlanir ættu að leiða það til synjunar heimildar til greiðsluaðlögunar sbr. b. lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins sbr. einnig b. lið 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Athygli er sérstaklega vakin á því að ef ekki er gerð krafa um framtalsskil væri sá möguleiki fyrir hendi að skuldari gerði síðar skil á framtölum til skattyfirvalda, eftir að greiðsluaðlögun væri komin á og að skattbreyting myndi inneign hjá skuldara hafi hann áður fengið skatta fellda niður með greiðsluaðlögun.

Um 2. gr. frumvarpsins

Tollstjóri telur ástæðu til að breyta orðalagi 1. mgr. 2. gr. á þann veg að í stað orðsins „eða“ standi orðið „og“. Það samrýmist ekki sjónarmiðum að baki frumvarpinu að nóg sé að sýna fram á tímabundinn greiðsluvanda skuldara óháð framtíðarhorfum hans.

Verði frumvarpið að lögum munu einstaklingar í atvinnurekstri geta nýtt sér greiðsluaðlögunarúrræðið. Tollstjóri bendir á að einstaklingar í atvinnurekstri taka oft meiri fjárhagslega áhættu heldur en almennir launþegar og njóta á móti meiri ávinnings. Jafnframt er vakin athygli á úrræði til handa einstaklingum í atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Telja verður nauðsynlegt að taka fram í frumvarpi þessu að skuldari geti ekki neytt þess



TOLLSTJÓRI

úrræðis samhliða greiðsluaðlögunarúrræðinu. Það væri óeðlilegt ef sú staða kæmi upp að skuldari fengi frest til greiðsluuppgjörs á vangoldnum virðisaukaskatti og gefið yrði út skuldabréf til greiðslu skuldarinnar að uppfylltum skilyrðum laganna. Væri sú krafa þá orðin sammingskrafa sem yrði felld niður að greiðsluaðlögunartíma loknum. Er það í ósamræmi við fyrirætlan samkvæmt f. lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr. frumvarpsins

Verði frumvarpið að lögum fellur vangoldinn virðisaukaskattur ekki undir greiðsluaðlögun einstaklinga en Tollstjóri ítrekar sjónarmið sem fram komu í fyrri umsögn varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda að það varðar við almenn hegningarlög að standa ekki skil á afdreginni staðgreiðslu og leggur til að þessum gjöldum verði bætt við f. lið 3. gr. frumvarpsins.


Um 17. gr. frumvarpsins

Varðandi 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins bendir Tollstjóri á að gert er ráð fyrir því að kröfuhafi samþykki frumvarp til nauðasamnings nema að hann mótmæli því sérstaklega. Þessi regla er í andstöðu við þær reglur sem gilda um almenna nauðasamninga.

Um 34. gr. frumvarpsins

Varðandi 34. gr. c. bendir Tollstjóri á að ákvæði 55.- 59. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, taka eingöngu mið af þeirri málsmeðferð sem gildir um almenna nauðasamninga, sem felur m.a. í sér mat dómara á beiðni um heimild til að leita nauðasamninga sbr. VII. kafla gjaldþrotalaga og atkvæðagreiðslu kröfuhafa um nauðasamninginn sbr. VII. kafla laganna. Ákvæðin taka ekki mið af þeirri málsmeðferð sem fer fram hjá umboðsmanni skuldara eða þeim efnislegu skilyrðum sem frumvarpið hefur að geyma. Tollstjóri telur rétt að tryggja að kröfuhafi geti haft uppi mótmæli sem varða þau efnisskilyrði frumvarpsins sem fram koma í 6. gr. frumvarpsins en óvíst er að réttarfarsreglur gjaldþrotalaga heimili það eins og frumvarpið stendur. Til að bæta úr þeirri óvissu er hægt að bæta við tilvísun til frumvarpsins í 57. og 58. gr. gjaldþrotalaga eða taka fram með skýrari hætti í 34. gr. að heimilt sé að færa fram mótmæli á grundvelli efnislegra skilyrða 6. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst f.h. Tollstjóra,


Jóhanna L. Guðbránsdóttir hlíð
deildarstjóri lögfræðideildar innheimtusviðs